

Nd.

528. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um skipun læknishéraða o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Ísafjarðarlæknishéraði skal skift í eftirnefnd tvö læknishéruð:

Ísafjarðarhérað: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi. Læknissetur í Ísafjarðarkaupstað.

Nauteyrarhérað: Snæfjallahreppur, Nauteyrarhreppur, Reykjarfjarðarhreppur og Ögurhreppur, nema Vigur. Læknissetur á Langadalsströnd.

Lög þessi koma eigi til framkvæmdar fyr en sérstakur læknir er skipaður í Nauteyrarhérað.